

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS

frá 25. júlí 1977

um að koma á fót fastanefnd um dýrarækt

(77/505/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,
með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,
með hliðsjón af drögum að ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Þar eð ráðið veitir framkvæmdastjórninni í sumum tilvikum umboð á sviði dýraræktar er æskilegt að stofnuð verði nefnd sérfræðinga frá aðildarríkjunum, með það fyrir augum að tryggja nána samvinnu aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar og gera framkvæmdastjórninni kleift að leita álits sérfræðinga.

Æskilegt er að slíkt samstarf nái einnig til allra sviða sem falla undir reglur bandalagsins um þessi málefni. Af þessum sökum skal nefndinni veitt umboð til að fjalla um álitamál er varða þessi svið.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr:

Fastanefnd um dýrarækt (hér á eftir kölluð „nefndin“) er hér með komið á fót og skal hún skipuð fulltrúum frá aðildarríkj-

unum og fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar vera formaður hennar.

2. gr:

Nefndin gegnir þeim skyldustörfum sem henni eru falin samkvæmt ákvæðum sem ráðið samþykkir á sviði dýraræktar, í þeim tilvikum og með þeim skilmálum sem þar er kveðið á um.

Henni er enn fremur heimilt að fjalla um önnur álitamál er falla undir þetta svið og formaðurinn leggur fyrir hana, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni aðildarríkis.

3. gr:

Nefndin skal setja sér starfsreglur.

Gjört í Brussel 25. júlí 1977.

Fyrir hönd ráðsins,

H. SIMONET

forseti.